



Fundargerð hreppsnefndar 22. maí 2013

Hreppsnefndarfundur haldinn miðvikudaginn 22. maí 2013 kl. 16.00 í félagsheimilinu Miklagarði.

Mætt á fundinn voru Hafþór Róbertsson, Björn Hreinsson, Eyjólfur Sigurðsson, Sigríður Elva Konráðsdóttir, Fjóla Valsdóttir, Guðrún Anna Guðnadóttir og Bárður Jónasson. Jafnframt var mættur sveitarstjóri, Þorsteinn Steinsson, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 8. maí sl.

Lögð fram fundargerð hreppsnefnda frá 8. maí sl.

Fyrirspurn kom fram við 7. tl. Ásbræður, varðandi stöðu málsins og var því svarað.

Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

2. mál. Fundargerð stjórnar- og aðalfundar Arnarvatns ehf. frá 14. maí sl.

Lögð fram fundargerðir stjórnar- og aðalfundar Arnarvatns ehf.

Oddviti kvaddi sér hljóðs undir 2. tl. fundargerðar stjórnarinnar og gerði grein fyrir þörf á viðahaldsverkefnum á hótelinu, sem nauðsynlegt væri að ráðast í. Í því sambandi tiltók hann frárennsli frá eldhúsi og útgafli á gistirýmaálmum o.fl.

Hreppsnefndarmenn samþykktu að fela sveitarstjóra að leita leiða til þess að láta vinna þessi verkefni.

Ennfremur var talað um að til skoðunar væru möguleikar á auknum opnunartíma hótels yfir aðal ferðamannatímamann.

3. mál. Fundargerð stjórnar hjúkrunarheimilisins Sundabúðar frá 14. maí sl.

Lögð fram fundargerð stjórnar hjúkrunarheimilisins Sundabúðar frá 14. maí sl., en stjórnin var skipuð af hreppsnefnd 8. maí sl.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

4. mál. Skóli og íþróttahús; utanhússviðhald.

Lagt fram minnisblað unnið af verkfræðistofu Norðurlands og dags. 16. maí sl., varðandi viðhald skóla -og íþróttahússbygginga. Í minnisblaðinu er greint frá helstu aðgerðum, sem nauðsynlegt er að grípa til.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu. Í máli hans kom fram að mögulegt væri að áfangaskipta verkinu ef nauðsyn krefur. Í forgangi væri lagfæring gamla skólans og síðan íþróttahús og ný skólinn.

Talsvert miklar umræður urðu síðan um málið, þar sem fundarmenn lýstu sjónarmiðum sínum. Í máli nefndarmanna kom fram að þeir teldu mikla þörf á því að ráðast í verkefnið.

Í framhaldi af umræðum var lögð fram svofelld tillaga:

“Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir að fela sveitarstjóra að láta vinna útboðsgögn og verklýsingu vegna utanhúss viðahalds skóla og íþróttahúss. Jafnframt er honum falið að láta bjóða í verkið eða semja á grundvelli kostnaðaráætlunar. Miða skal við að unnt sé að áfangaskipta verkinu í þrjá áfanga reynist það heppilegt.”

Fyrirliggjandi tillaga var síðan samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

5. mál. Leiga félagslegra íbúða Vopnafjarðarhrepps. Áður tekið fyrir á fundi hreppsnefndar 8. maí sl.

Um þessi mál var áður fjallað á hreppsnefndarfundum 8. maí sl. og voru þá lögð fram gögn um meðalverð leiguhúsnæðis á mismunandi stöðum á landinu. Jafnframt var lagt fram yfirlit yfir félagslegar íbúðir í eigu Vopnafjarðarhrepps, þar sem greint er frá mismunandi mati á eignunum og

hver húsaleigan er í dag og hvernig hún yrði miðað við mismunandi forsendur. Öll þessi gögn eru til umfjöllunar hér í dag.

Fundarmenn höfðu flestir lýst því yfir á fundinum 8. apríl sl., að nauðsynlegt væri að hækka leiguverð á Vopnafirði til samræmis við leiguverð annarsstaðar á landinu.

Að umfjöllun lokinni kom fram svofelld tillaga:

“Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir að hækka húsaleigu í átt að þeim húsaleiguverðum, sem kynnt hafa verið í meðfylgjandi gögnum. Húsaleigan verði hækkuð upp miðað við 75 % af meðalverði húsaleigu á Austurlandi í heild eins og fyrirliggjandi gögn sína útreikning á. Jafnframt samþykkt að rita leigjendum bréf þar sem hækkunin verði vendilega kynnt. Hækkunin verði framkvæmd í tveimur þrepum þannig að helmingur hækkunarinnar taki gildi frá og með 1. september nk. og síðari hluti hækkunarinnar taki gildi frá 1. janúar 2014. Að öðru leyti fylgi húsaleigan hækkun á vísitölu neysluverðs.”

Fyrirliggjandi tillaga var síðan tekin til afgreiðslu.

Samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

6. mál Áhaldahús Vopnafjarðarhrepps, skipan vinnuhóps.

Á síðasta fundi hreppsnefndar var ákveðið að skipa vinnuhóp, sem vinni að skoðun á starfssemi áhaldahússins.

Fram kom tillaga um að skipa eftirtalda í þriggja manna starfshóp: Bárður Jónasson, Guðrún Anna Guðnadóttir og Eyjólfur Sigurðsson.

Fyrirliggjandi tillaga var síðan samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

7. mál. Sundlaug í Selárdal, framkvæmdir. Tækjaklefi o.fl.

Lagðar fram teikningar af viðbyggingu við Sundlaug í Selárdal, sem unnar eru af verkfræðistofu Norðurlands. Gerð var grein fyrir því að nauðsynlegt er að ráðast í þessa byggingu til þess að koma megi fyrir tækjabúnaði til þess að setja upp lokað hreinsikerfi vatns við sundlaugina eins og lagt er til að gert verði í greinargerð Verkfræðistofunnar Eflu frá september 2012.

Framkvæmd þessi var einnig skoðuð í samanburði við það að byggja nýja sundlaug í þéttbýli Vopnafjarðar. Í því sambandi var lögð fram kostnaðaráætlun unnin af verkfræðistofunni Eflu og kynnt hefur verið áður.

Miklar umræður urðu um þessi mál þar sem fundarmenn lýstu sjónarmiðum sínum. Ljóst er grípa þarf til framkvæmda til þess að unnt verði að halda starfsleyfi sundlaugarinnar í lagi.

Fram kom svofelld tillaga:

“Hreppsnefnd samþykkir að fela sveitarstjóra að vinna útboðsgögn vegna viðbyggingar við sundlaugina í Selárdal til samræmis við fyrirliggjandi teikningar. Endanleg ákvörðun um útboðsferli verður síðan tekin á næsta fundi hreppsnefndar.

Milli funda verði kannað til þrautar hvort einhverjir aðrir möguleikar eru í stöðunni”

Fyrirliggjandi tillaga samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

Jafnframt samþykkt að fá heilbrigðisfulltrúa á fund með hreppsnefnd í millitíðinni.

8. mál. Samstarf Einherja og Vopnafjarðarhrepps um uppbyggingu íþróttasvæðis. Bréf KSÍ dags. 22. apríl sl., varðandi styrk

Lagt var fram bréf KSÍ dags. 22. apríl sl., þar sem tilkynnt er að stjórn KSÍ hafi samþykkt að veita Knattspyrnudeild Einherja 3.000 þús. kr. styrk vegna framkvæmda við nýjan grasvöll.

Greint var frá fundi fulltrúa Einherja og sveitarstjóra 7. maí sl., þar sem farið var yfir samvinnu Einherja og sveitarfélagsins í hinum mismunandi málum. Jafnframt kom þar fram ósk fulltrúa Einherja um aðkomu sveitarfélagsins að gerð grasvallar á gamla malarvellinum.

Á fundinum kom fram að mikilvægt væri að skipuleggja íþróttasvæðið til framtíðar þ.a. framkvæmdir í dag gætu fallið sem best að framtíðarskipulagi svæðisins. Aðilar voru sammála um að kalla eftir hugmyndum, að breytingum á skipulagi, í þessu sambandi frá Teikn á lofti, sem unnið hefur að skoðun málsins.

Kynntar voru nokkrar hugmyndir í þessu sambandi, þar sem fram komu nokkrir mismunandi valkostir á fyrirkomulagi skipulags svæðisins.

Miklar umræður urðu um þessi mál þar sem fundarmenn lýstu sjónarmiðum sínum. Fundarmenn voru sammála um að mikilvægt væri að endurnýja knattspyrnuvelli á svæðinu. Jafnframt var fundurinn sammála um að ljúka skipulagi svæðisins, þannig að unnt væri að vinna verkið í samhengi og af öryggi inn í framtíðina.

Í fyrirliggjandi tillögum var talið að hentugt væri að gamli malarvöllurinn yrði notaður til þess að gera nýjan grasvöll.

Svofelld tillaga var síðan lögð fram: “Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir að veita Einherja 5.000 þús. kr. styrk til framkvæmda við nýjan grasvöll. Framkvæmdin taki fullt tillit til endurskoðaðs skipulags, sem unnið verður af svæðinu. Framkvæmdirnar skulu unnar í fullu samráði við Vopnafjarðarhrepp. Flýta skal endurskoðun skipulags eins og frekast er kostur.”

Fyrirliggjandi tillaga var síðan rædd. Endanlegri afgreiðslu málsins var frestað til næsta fundar hreppsnefndar og var samþykkt að fá skipulagshönnuð svæðisins á fund í millitíðinni og fara yfir hugmyndir að breyttu skipulagi.

Á þann fund verði einnig boðaðir fulltrúar skipulagsnefndar sveitarfélagsins og Einherja.

Málsmeðferð þessi var samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

9. mál. Bréf Sjóvá almennra dags 7. maí sl., varðandi váttryggingar sveitarfélagsins.

Lagt fram bréf Sjóvá dags. 7. maí sl., þar sem fyrirtækið ræðir váttryggingamál sveitarfélagsins og býður fram þjónustu sína í þeim efnum.

Nokkrar umræður urðu um þessi mál og hvað heppilegt væri að gera til þess að tryggja sem besta þjónustu tryggingafélags fyrir sveitarfélagið. tryggingarfélagið VÍS hefur gildandi samning á sinni hendi og gildir sá samningur til áramóta 2013/2014.

Samþykkt með 6 atkvæðum, einn sat hjá, að segja upp samningi um tryggingar við VÍS og skoða í framhaldi hvaða skref heppilegast er stíga í tryggingamálum sveitarélagsins.

10. mál Kaupvangur, samkomulag um rekstur kaffihúss í Kaupvangi.

Lagt fram gildandi samkomulag um rekstur kaffihúss og upplýsingamiðstöðvar ferðamála í Kaupvangi.

Fundarmenn voru sammála um að ræða við núverandi leigutaka, þar sem m.a. verði litið til möguleika sem skapast hafa við ráðningu nýs fulltrúa ferðamála.

Oddvita og sveitarstjóra ásamt fulltrúa Kaupvangsnefndar falið að ganga í málið.

11. mál. Ýmis mál og fundargerðir

a) Landgræðsla ríkisins bréf dags. 10. maí 2013, varðandi styrk

Samþykkt að veita Landgræðslunni 70 þús. kr. styrk

b) Bréf Vegagerðarinnar dags. 8. maí sl., varðandi viðhald girðinga meðfram vegum.

Samþykkt að vísa erindinu til kynningar í landbúnaðarnefnd.

c) Bréf Innanríkisráðuneytisins dags. 3. maí sl., varðandi staðfestingu á siðareglum sveitarfélagsins.

Lagt fram til kynningar.

d) Fundargerð samgöngunefndar SSA frá 15. maí sl.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.45